

leyfi föður síns til að dvelja á Kelduhólum eins lengi og þeim frændum um semdi, og að mánuði liðnum, eða á Góunni, hafi hann farið heim aptur, af því hann hafi eigi treyst sjer til að nema gullsmíðið. Í annan stað hafi hann nokkrum árum síðar eða snemma í marzmánuði 1866 farið með leyfi páverandi húsbónda síns norður á Akureyri til þess að læra þar skósmíði, en með því að eigi hafi heldur orðið neitt úr þessu námi, hafi hann snúið heim aptur að vörmu spori og verið hjá húsbónda sínum á Eskifirði vistarárið út.

Það má nú telja sannað, að Sæbjörn hafi í hvorttveggja skiptið, er hann fór úr Reyðarfjarðarhreppi, sem nú var sagt, haft leyfi húsbónda síns til að vera í burtu eins lengi og hann vildi. En hins vegar hefir hann hvorki borið það sjálfur nje heldur hefir það sannast á annan veg, að hann hafi verið einráðinn í því, er hann lagði af stað í hvert skiptið, að skipta um samastað, og eigi hefir heldur neitt komið fram fyrir því, að hann hafi átt þess kost, sjer í lagi að hann hafi verið búinn að útvega sjer vist eða samastað þar, sem ferðinni var til heitið, nje annarstaðar utan Reyðarfjarðarhrepps. Nú er þess er gætt þar á ofan, að hann sneri heim aptur í sömu vistina, og hann fór úr, í hvorttveggja skiptið, og að hlutaðeigandi sóknarprestur hefir vottað, að hann hafi öll árin 1856—1868 verið talinn á nýárinu heimilisfastur á ýmsum bæjum í sókninni og aldrei getið þess við sig, að hann ætlaði að víkja burt úr sókninni, verð jeg að vera yður sammála, herra amtmaður, að því er snertir úrslit þessa máls, og er því hjer með staðfestur hinn áfrýjaði úrskurður yðar, þar sem Sæbjörn Þorsteinsson er talinn sveitlægur í Reyðarfjarðarhreppi, ásamt þeim, er honum ber að ala önn fyrir að lögum.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um styrk til að byggja upp prestssetur.* — Með þóknanlegu brjefi stiptsyfirvaldanna, dags. 12. þ. mán., með tók jeg brjef prestsins síra Jakobs Bjarnarsonar á Torfastöðum, þar sem hann biður um 500 króna styrk úr landssjóði, af fje því, sem ætlað er til óvissra útgjalda, til þess að reisa við og byggja upp staðarhúsin á Torfastöðum, og teljið þjer mjög óskilegt, að þetta fengist, með því að eigi sje annað sýnna en, að staðarhúsin gjörfalli að öðrum kosti og að prestssetrið verði óbyggilegt.

Út af þessu skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að af því að í fjárlögunum er eigi ætlað neitt fje til þess að reisa við og byggja upp prestssetur, og með því að kostnaður til þess verður eigi talinn með óvissum gjöldum, er upp á kynni að koma, sje jeg mjer eigi fært að veita það, sem hjer er farið fram á.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannanna um byggingu og ábúð þjóðjarða.* — Eins og sjá má af brjefi ráðgjafans til mín, dags. 22. maí þ. á., og prentuðu í Stjórnartíð. þ. á. B — 82, hefir ráðgjafanum virzt nauðsynlegt að taka til ihugunar og gjöra ráðstafanir til betra fyrirkomulags á ábúð jarða þeirra, er landssjóðurinn á, og hefir hann því boðið mjer að leita allra skýrslna, sem á þarf að halda í þessu efni, hjá amtmönnunum og umboðsmönnum jarðanna. Alþingi hefir og tekið mál þetta til umræðu á hinu nýlokna þingi og fallizt á þingsályktun út af því, þar sem skorað er á mig að sjá svo fyrir, að umboðsmenn ásamt hreppsnefndum gefi nákvæmar skýrslur um ástand og ábúð hverrar þjóðjarðar í hverjum hreppi. sendi þar með tillögum sínum um leigumála og nauðsynlegar jarðabætur á hverri jörð til sýslunefnda, þar aptur með álitinu sínu til amtsráða, og amtsráðin til landshöfðingja, sömuleiðis með álitinu sínu.

112

19. sept.

Út af þessu eru þjer, herra amtmaður, þjóuustusamlaga beðnir að leggja fyrir alla umboðsmenn í yðar umdæmi að semja nákvæmar og ýtarlegar skýrslur um hverja jörð í umdæmi þeirra, og skal þar lýst ástandi jarðarinnar, ásigkomulagi lands þess, er undir hana liggur, og hlunnindum þeim, er jörðinni fylgja; sömuleiðis skal skýrt frá, hversu mikill fjenaður er hafður á jörðinni eða hversu mikinn fjenað mætti hafa þar, ef hún væri betur setin; enn fremur, með hvaða leigumála jörðin er nú byggð, í hvaða auru eptirgjaldið er greitt eptir byggingarbrjefinu, hvort nokkur munur er á eptirgjaldi eptir þjóðjarðir og því, sem fæst eptir aðrar jarðir í sama hjeraði, er einstakir menn eiga, viðlíka stórar og með áþekktum landkostum, eða ekki. Þá þarf og að geta þess um hverja jörð fyrir sig, hvort hún liggur undir áföllum, og hvaða áhrif það hefir haft á jörðina og ábúð hennar, í manna minnum, og eins verður að taka fram, hvort líklegt þyki að varna megi því, að jörðin gangi meira úr sjer af þeim völdum. Loks eiga umboðsmenn að koma með tillögur sínar um, með hvaða leigumála megi byggja hverja jörð svo, að landssjóðnum verði mestur hagur að, og skulu tillögur þeirra miðaðar við það, að umboðsjarðagjöldin verði eptirleiðis talin eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskránni; sömuleiðis eiga umboðsmenn að koma með tillögur sínar um haganlegar jarðabætur á hverri jörð fyrir sig, ásamt lauslegri áætlun um, hvað slíkar jarðabætur mundu kosta, og uppástungu um, hvernig eigi að reyna til að koma þeim á með nýjum byggingarbrjefum.

Skýrslur þær og uppástungur, er umboðsmaður semur samkvæmt þessu, og sem hann á að flokka niður eptir hreppum, á hann síðan að leggja fyrir hreppsnefndirnar og gjöra þeim kost á að láta í ljósi skoðun sína á þeim, og senda þær að því búnu sýslunefndinni, ásamt ummælum hreppsnefndanna um þær. Sýslunefndin sendir síðan amtsráðinu skjölin, með þeim athugasemdum, er henni þykir við eiga, og amtsráðið sendir öll skjölin og skýrslurnar til landshöfðingja svo snemma, að þær komizt hingað til Reykjavíkur eigi síðar en með póstum þeim, er hingað koma í októbermánuði 1878. Eru þjer herra amtmaður, beðnir að skipa svo fyrir, sem við þarf, að því er snertir frest þann, er umboðsmenn og sveitarstjórnarvöld þau, er hjer ræðir um, eiga að hafa til þess að ljúka við starf það, er þeim er á hendur falið samkvæmt því, er að framan greinir.

Jafnframt og jeg yfir höfuð að tala leiði athygli yðar, herra amtmaður, og umboðsmannanna, að áðurnefndu brjefi ráðgjafans frá 22. maí þ. á., óska jeg sjer í lagi að fá álit um bendinguna í síðasta kaffa brjefsins, um að bjóða þjóðjarðir til byggingar á uppboðsþingi; vil jeg í því efni leiða athygli að því, að í fyrsta lagi er uppboðsþing eptir hlutarins eðli hið áreiðanlegasta mat á því, sem um er að ræða, en það er hjer, hvers virði að ábúðarrjetturinn er, og í öðru lagi sýnist mjer eðlilegt og sjálfsagt, að landssjóðurinn leitist við að gjöra sjer jarðir sínar svo arðsamar, sem unnt er; loks virðist mjer það vera öllum þeim fyrir beztu, sem vilja fá slíka jörð til ábúðar, að þeim veitist kostur á að keppa hvor við annan um að ná í hana, þannig, að eigi verði farið eptir öðru, er ráða skal af, hverjum byggja eigi jörðina, heldur en því, hver bezt býður landssjóðnum til handa á slíku uppboðsþingi, en manngreinarálit komist eigi að.

(Viðbætur við brjefið til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu):

Að því er Vestmannaeyjar snertir sjer í lagi, fel jeg hjer með samkvæmt ályktun alþingis sýslumanninum sem umboðsmanni jarðanna á eyjunum, ásamt manni, er sýslunefndin þar til kys, og neðannefndum 3 mönnum, er jeg læt til þess kvadda, á hendur að gefa umgetnar skýrslur um ábúð og ástand umboðsjarðanna, og gjöra uppástungur um leigumála jarðanna og um jarðabætur. Ber mönnum þessum síðan að senda skýrslur sín-

ar og uppástungur amtsráðinu til álita, svo snemma, að það geti sent þær landshöfðingja fyrir þann tíma, sem til er tekinn að framan. Til þess að gefa skýrslur þessar o. s. frv. ásamt sýslumanninum og manni þeim, er sýslunefndin kýs — og eruð þjer, herra amtmadur, þedinn að gjöra þær ráðstafanir, er við þarf til þess, — hefi jeg í brjefi frá í dag kjörið 3 valinkunna menn úr Rangárvallasýslu, þá er nú skal greina:

Sighvat Árnason, alþingismañn

Sigurð dannebrogsmann Magnússon, óðalsbónda á Skúmstöðum, og

Skúla Þorvarðarson, óðalsbónda á Fitjamýri.

Fundaskýrslur amtsráðanna.

(Framh. frá 28 bls.).

F.

Fundur amtsráðsins í suðurumdæminu 5. og 6. dag júnímánaðar 1877.

Fundurinn var haldinn í Reykjavík undir forsæti amtmannsins í suðuramntinu, og mættu á fundinum hinir kosnu fulltrúar: Dr. phil. Grímur Thomsen á Bessastöðum og prófastur Jón Jónsson á Mosfelli.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

1. Samkvæmt yfirsetukvennalögum 17. des. 1875 voru ákveðin yfirsetukvennahjeruð í öllum sýslum í amntinu, eftir tillögum sýslunefndanna, og skal um tölu hjeradanna og takmörk þeirra vísað til auglýsingar amtmannsins yfir suðuramntinu frá 6. júlím, þ. á., sem prentuð er hjer að framan.
2. Var rétt um stofnun amtsfátækra sjóðs samkvæmt 52. gr. nr. 5 í sveitarstjórnarlögunum. Allar sýslunefndir, nema ein, höfðu ráðið frá að stofna slíkan sjóð, og sá því amtsráðið sjer ekki fært að halda lengra fram í þetta mál.
3. Til amtsráðsins höfðu komið fyrirspurnir um þessi atriði:

- a. Hvort hreppstjórar og hreppsnefndir ættu að hafa sjerstakar gjörðabækur, og ef svo væri, hvaðan borgun ætti að taka fyrir gjörðabækur hreppstjóra?
- b. Hvaðan hreppstjórum eigi að greiðast borgun fyrir skrifföng?

Það var álit amtsráðsins um þessi atriði, að hreppstjóri og hreppsnefnd ætti að hafa gjörðabók hvor fyrir sig, og að borgunin fyrir gjörðabækur hreppstjóra og skrifföng þeirra eigi að greiðast úr sveitarsjóði.

4. Einnig hafði komið fyrirspurn um, hvort sýslunefndarmenn megi reikna sjer borgun fyrir part úr degi, er þeir nota til ferðar á sýslunefndarfund, eins og fyrir heilan dag, og var það álit ráðsins, að þetta væri leyfilegt. Eftir þar til gefnu tilefni lýsti amtsráðið því yfir, að það álití sýslunefndarmenn hafa leyfi til að reikna sjer borgun eftir 33. gr. sveitarstjórnarlaganna, þótt þeir ekki ferðist frá heimili sínu til að sækja sýslunefndarfund.
5. Amtsráðið veitti samþykki sitt til þess, að sýslunefndin í Borgarfjarðarsýslu mætti taka lán, að upphæð 1000 kr. til að verja því til vegabóta í Akraneshreppi, og þar með útvega hreppsþúum atvinnu í þeim bjargarskorti, sem þar ætti sjer stað; þó með því skilyrði, að lánið yrði endurborgað á 2 árum. Jafnframt var ákveðið, að benda sýslunefndinni á ákvörðina í 39. gr. 5. tölul., smbr. 40. gr. sveitarstjórnarlaganna.
6. Samkvæmt ákvörðun amtsráðsins á fundi 29. ágúst f. á. hafði Dr. phil. Grímur Thomsen yfirskoðað sýslusjóðsreikningana fyrir árið 1875, og var forseta amtsráðs-